Diplómanám á meistarastigi í geðhjúkrun (30 e)

Námið hefst á haustmisseri 2018. Umsóknarfrestur til 15. apríl 2018.

Námið er 30 einingar á meistarastigi og dreifist á þrjú misseri. Námið er skipulagt þannig að hægt sé að stunda það með vinnu og eru nemendur hvattir til að nýta sér námstækifæri á eigin starfsvettvangi.

Inntökuskilyrði
BS-próf í hjúkrunarfræði eða samsvarandi próf með að lágmarki 6,5 í aðaleinkunn, góð enskukunnátta og íslenskt hjúkrunarleyfi.

Markmið
Megintilgangur diplómanámsins er að efla færni og þekkingu hjúkrunarfræðinga sem hafa hug á að starfa og þróa sig í ummönnun fólks með geðræn vandamál, vinna að forvörnum og starfa að framgangi geðheilbrigðismála almennt. Námið miðar að því að hjúkrunarfræðingar auki fræðilega og klíníska hæfni sína til að starfa á víðum vettvangi, jafnt innan sem utan stofnana í þágu geðheilbrigðis mismunandi þjóðfélagshópa. Sérstök áhersla er lögð á færni við mat á geðheilbrigði og beitingu markvissra íhlutana. Námsleiðin er ætluð hjúkrunarfræðingum sem starfa við geðhjúkrun sem og við aðrar sérgreinar hjúkrunar, t.d. heilsugæslu, öldrun, endurhæfingu o.fl.

Umsjón með náminu
Jóhanna Bernharðsdóttir lektor (johannab@hi.is)
Páll Biering dósent (pb@hi.is)

Námsnefnd
Jóhanna Bernharðsdóttir lektor (johannab@hi.is)
Páll Biering dósent (pb@hi.is)
Eyrún Thorstensen, verkefnastjóri geðsviði LSH (eyruntho@landspitali.is)

Skyldunámskeið (24 e)

HJÚ140F	Fræðileg aðferð (2 e)	H-2018
HJÚ0ADF	Sérhæfð fjölskylduhjúkrun (6 e)	H-2018
HJÚ265F	Geðhjúkrun; greining og meðferð (6 e)	V-2019
HJÚ0AFF	Geðlyfjafræði fyrir fólk í heilbrigðisvísindum (6 e)	V-2019
HJÚ0AGF	Hugræn atferlismeðferð á tímum lífsbreytinga (4 e)	V-2019

<u>Dæmi</u> um möguleg valnámskeið (6 e)

HJÚ141F	Klínísk viðfangsefni í öldrunarhjúkrun (6 e)	H-2019
HJÚ701M	Langveikir og heilbrigðisþjónustan (6 e)	H-2019
HJÚ149F	Nýting gagna og upplýsinga í heilbrigðisþjónustu (6 e)	H-2019
HJÚ142F	Rekstur og heilbrigðisþjónusta (6 e)	H-2019
LÝÐ104F	Áhrifavaldar heilbrigðis, forvarnir og heilsuefling (6 e)	H-2019

Aðgangur að frekara námi

Nemendur geta fengið einingar úr diplómanámi sínu metnar inn í meistaranám í hjúkrunarfræði í samræmi við reglur deildar.
Miðað er við að lágmarkseinkunn í einstökum námskeiðum í diplómanámi sé 6,0 og að meðaleinkunn úr diplómanámi sé 7,25 til að það sé metið inn í meistaranám.

Nánari upplýsingar

Elín Helgadóttir, verkefnisstjóri framhaldsnáms í síma 525 4910, elinh@hi.is.

Birt með fyrirvara um breytingar
20. mars 2018